

MIÐSTÖÐ SÍMENNTUNAR Á SUÐURNESJUM

Bylting í menntunarmálum á Suðurnesjum

Saga MSS í 10 ár



Heimildarvinna og samantekt: Svanhildur Eiríksdóttir

Efnisyfirlit

1	Inngangur	bls. 3
2	Saga MSS í 10 ár	bls. 4
	2.1. Viðtal við Ólaf Jón Arnbjörnsson	bls. 6
	2.2. Viðtal við Kjartan Má Kjartansson	bls. 7
	2.3. Viðtal við Skúla Thoroddsen	bls. 8
	2.4. Viðtal við Guðjónínu Sæmundsdóttur	bls. 9
3	Fullorðinsfræðsla	bls. 11
	3.1. Menntun stuðningsfulltrúa	bls. 11
	3.2. Vika símenntunar	bls. 11
	3.3. Íslenskukennsla	bls. 12
	3.4. Staðbundið leiðsögunám	bls. 12
	3.5. MSS regnhlíf fyrir námskeiðshald á Suðurnesjum	bls. 13
	3.6. Viðtal við forsvarsmenn VS og VSK	bls. 13
4	Stofnun fyrirtækja eftir nám hjá MSS	bls. 14
	4.1. Undri	bls. 14
	4.2. Leiðsögumenn Reykjaness ses.	bls. 14
	4.3. Sjf menningarmiðlun	bls. 14
5	Markviss	bls. 15
	5.1. Skólamaturlerur	bls. 16
	5.2. Fyrirtækjaskólar	bls. 16
6	Af einstökum verkefnum	bls. 17
	6.1. Gegn atvinnuleysi	bls. 17
	6.2. „Skref til sjálfhjálpar“ og „Aftur í nám“	bls. 17
	6.3. „Iðnnám til framtíðar“	bls. 18
	6.4. Náms- og starfsráðgjöf	bls. 18
7	Ný framtíð: Háskólanám heim í hérað	bls. 19
	7.1. Sögulegt aldamótaár	bls. 19
	7.2. Fyrsta útskriftin	bls. 21
	7.3. Viðtal við Hlöðver Sigurðsson	bls. 21
	7.4. Nýjasta viðbótin	bls. 22
8	Samstarf	bls. 22
9	Þróunin á 10 árum	bls. 23
	9.1. Fjöldi námskeiða eftir árum	bls. 23
	9.2. Heildarfjöldi þátttakenda eftir árum	bls. 24
	9.3. Heildarfjöldi nemendastunda eftir árum	bls. 24
10	Starfsfólk frá upphafi	bls. 24
	10.1. Framkvæmdastjórar	bls. 24
	10.2. Annað starfsfólk	bls. 25
11	Heimildir	bls. 25

1. Inngangur

Mikil bylting varð í menntunarmálum á Suðurnesjum við stofnun Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum þann 10. desember 1997. Í kjölfarið varð aðgengi almennings að námskeiðum meira og aukið svigrúm skapaðist til sí- og endurmenntunar. Ekki þarf að fjölyrða um hversu mikil ávinningur var að fá háskólanám heim í hérað með fjarnámi sem sent var með fjarfundarbúnaði í húsakynni Miðstöðvarinnar.

Almenningur er almennt mjög jákvæður í garð MSS og fjölmargir hafa nýtt sér fjölbreytt námsframboð. Á þeim 10 árum sem liðin eru frá stofnun hefur starfsemin vaxið jafnt og þétt og margar nýjungar hafa litið dagsins ljós. Hér verður dregið á því markverðasta í sögu Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesju, en auk þess sá undirrituð um textavinnslu í áttblöðung sem fylgdi Víkurfréttum 28. desember 2007.

Reykjanesbær í apríl 2008

Svanhildur Eiríksdóttir

2. Saga MSS í 10 ár

Það var árið 1992 sem farið var að vinna markvisst að því að efla og styrkja starfsmenntun við Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Á 200. skólanefndafundi FS 17. nóvember 1995 var lögð fram endurskoðuð áætlun sem meðal annars fól í sér hugmynd að stofnun fullorðinsfræðslumiðstöðvar sem hefði það megin hlutverk að bjóða fram námskeið á sviði starfstengds náms og frístunda og með áherslu á þá sem minnsta menntun hafa. Ólafur Jón Arnbjörnsson settist í stól skólameistara FS haustið 1995 og hafði um árabil unnið að eflingu fullorðinsfræðslu á norður- og austurlandi, bæði í skólameistaratíð sinni á Sauðárkróki og Egilsstöðum. Hjálmar Árnason, sem gegndi starfi skólameistara á undan Ólafi Jóni, hafði mikinn áhuga á því að byggja upp starfstengt nám, stuttar starfsnámsbrautir í tengslum við atvinnulífið en þær hugmyndir voru enn í mótun þegar Ólafur tók við. Þegar ný framhaldsskólalög litu dagsins ljós árið 1996 skapaðist svigrúm til þess að koma á fullorðinsfræðslumiðstöð. Í 35. grein laga um framhaldsskóla 1996 nr. 80 11. júní segir: „*Framhaldsskóla er heimilt með samþykki menntamálaráðherra að stofna, í samvinnu við sveitarfélög, faggreinafélög, stéttarfélög, atvinnurekendur eða aðra hagsmuna- og áhugahópa, fullorðinsfræðslumiðstöð, sbr. 33. og 34. grein.*” Í framhaldi gekk Ólafur Jón á milli fulltrúa sveitarfélaga, atvinnurekenda og aðila vinnumarkaðarins á Suðurnesjum og kynnti endurskoðaða áætlun þar sem megin þungi var lagður á stofnun símenntunarmiðstöðvar. Hugmyndina kynnti Ólafur Jón einnig Birni Bjarnasyni menntamálaráðherra, sem tók hann vel í hana, en tilkynnti jafnframt að Miðstöðin yrði að vera sjálfbær. Vilyrði fékkst um styrk frá ráðuneytinu upp á 1 ½ milljón sem færi í gegnum Fjölbrautaskólann. Sveitarfélögin og aðilar vinnumarkaðarins lögðu í sameiningu fram jafnháa upphæð.

Þann 10. desember 1997 var skipulagsskrá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum undirrituð. Undir samninginn skrifuðu Ellert Eiríksson bæjarstjóri Reykjanesbæjar, Guðjón Guðmundsson framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurnesja og fjölmargir fulltrúar launafólk og félaga vinnuveitanda á Suðurnesjum. MSS var fyrsta símenntunarmiðstöð landsins sem starfaði á grundvelli framhaldsskólalaga frá árinu 1996 og ruddi því brautina fyrir aðrar miðstöðvar.

Hugmyndin með stofnun Miðstöðvarinnar var frá upphafi að styrkja starfsmenntun á Suðurnesjum, skapa jarðveg fyrir nýjar starfstengdar brautir við Fjölbrautaskólann og tengja jafnframt saman grunn- og símenntun. Ennfremur þótti mikilvægt að auka framboð á Suðurnesjum á menntun og námskeiðum fyrir fullorðna, efla ráðgjöf og gæði og skapa farveg fyrir ný verkefni. Markmið Miðstöðvarinnar er „*að efla endur- og símenntun Suðurnesjamanna, samstarf atvinnulífs og skóla og tengsl grunn- og endurmenntunar. Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum býður einstaklingur, fyrirtækjum og stofnunum námskeið sem ekki heyra beint undir formlegt námsframboð skóla og er hér einkum átt við frístundanám og starfstengd námskeið og námskeiðaraðir. Kennslu í Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum verður hogað þannig að hún hæfi fullorðnum,*” eins og segir í skipulagsskrá MSS. Miðstöðin hefur verið í fararbroddi þróunar á sviði símenntunar og í nefndaráliti menntamálaráðneytis frá árinu 1998 „*Símenntun á nýrri öld*” kemur fram að MSS sé heppileg fyrirmynd að lausn

framtíðarinnar. Þar sameini fjölmargir aðilar krafta sína í einn farveg með heildarhagsmuni svæðisins í huga.

Stofnaðilar Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum eru Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, Reykjanesbær, Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis, Iðnsveinafélag Suðurnesja, Verslunarmannafélag Suðurnesja, Rafiðnaðarfélag Suðurnesja, Vélstjórafélag Suðurnesja, Útvegsmannafélag Suðurnesja, Vinnuveitendafélag Suðurnesja, Kaupfélag Suðurnesja og Hitaveita suðurnesja. MSS er sjálfseignarstofnun sem rekin er með árlegum styrk frá ríkinu og Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, auk frjálsra framlaga frá ríki, sveitarfélögum, fyrirtækjum, samtökum og einstaklingum, sem og vaxta af stofnframlagi og tekjum af námskeiðum. Stjórn MSS skipa 5 fulltrúar stofnaðila. Miðstöðin tók til starfa 1. febrúar 1998.

Miðstöðin var fyrst um sinn með skrifstofuáðstöðu í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Kjartan Már Kjartansson var ráðinn til að veita miðstöðinni forstöðu. Kjartan Már var fyrst um sinn eini starfsmaður MSS en haustið 1998 var Sigríður Bíldal ráðin í hálf starf. Helsta starf Sigríðar var að framkvæma greiningu á menntunarpörf hjá þremur fyrirtækjum samkvæmt danskri aðferð sem á frummálinu nefnist „*Strategisk udvikling af medarbejdere*”, kallað SUM aðferð en á íslensku „*Markviss uppbygging starfsmanna*” eða MUS. Um þýðingu efnisins úr dönsku sá Oddný Harðardóttir sem þá var aðstoðarskólameistari FS. MSS og FS fengu 1 milljón króna styrk til verkefnisins frá Þróunarsjóði framhaldsskóla. Miðstöðin var ráðin af verkefnishópi Starfsmenntafélagsins til að gera tilraun veturinn 1998/99 og var Hitaveita Suðurnesja, starfsmenn í Svartsengi, fyrsta fyrirtækið sem fékk slíka úttekt á vegum.

Mikill áhuga var á MSS alveg frá upphafi og höfðu margir beðið eftir stofnun sem þessari. Mikil vinna fór í kynningu og tengslamyndun fyrsta starfsár MSS og sagði Kjartan Már á stjórnarfundi 23. september 1998 að áfram yrði að vinna að því „*öðlast traust og tiltrú fleiri*”, enda mikilvægt að skapa jákvæða strauma í garð MSS strax í upphafi.

Starfsemin óx jafnt og þétt og ljóst var að finna þyrfti miðstöðinni nýtt húsnæði. Hafist var handa við það í stjórnartíð Kjartans Márs og á vormánuðum 1999 fékk MSS aðstöðu í húsakynnum Bókasafns Reykjanesbæjar. Það þótti kostur að vera í sama húsnæði og bókasafn, auk þess sem Markaðs- og atvinnumálaskrifstofa og svæðismiðlun væru í húsinu með góðri fundaraðstöðu, fjarkennslubúnaði og aðstöðu fyrir námskeiðshald.

Kjartan Már stýrði MSS fyrsta starfsárið en í ársbyrjun 1999 snéri Kjartan Már til annarra starfa og við miðstöðinni tók Skúli Thoroddsen. MSS gerðist aðili að Mennt þetta sama ár, en Mennt er samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla. Í kjölfarið fór af stað umræða um mikilvægi símenntunar og fullorðinsfræðslu sem varð til þess að verkalýðshreyfingin kom sínum fræðslusjóðum á laggirnar í kjarasamningum ársins 2000. Jafnframt varð Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sett á laggirnar, en hún var stofnuð af ASÍ og SA í desember 2002.

„Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum er dæmi um djörfung og víðsýni heimamanna þar sem minnimáttarkennd er hent fyrir borð og tekið er á rás inn á svið æðri menntastofnana hér á landi sem erlendis. Stolt siglum við til móts við nýja tíma og við stjórnvölin er hópur

hugsjónamanna undir stjórn Skúla Thoroddsen sem stýrir skútunni af djörfung, ” sagði Friðjón Einarsson, þá framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Suðurnesja í grein í Námskrá MSS vorið 2001. Hér er Friðjón að vísa í fjarnámið sem boðið var upp á með markvissum hætti hjá MSS frá og með haustinu 2000.

Skúli Thoroddsen lét af störfum hjá MSS síðla árs 2003 og var Guðjónína Sæmundsdóttir sett í embættið. Hún var síðan ráðinn framkvæmdastjóri og gegnir því starfi enn.

Á ársfundi MSS árið 2005 lýstu fundarmenn ánægju með starfsemi MSS og seinna sama ár sýndu fyrirtæki á Suðurnesjum svo um munaði að leggja bæri áherslu á símenntun með góðum gjöfum til Miðstöðvarinnar. Á ársfundinum hélt Jón Torfi Jónasson prófessor við Háskóla Íslands fyrirlestur um símenntun. Í máli hans kom m.a. fram að menntunarstig á Suðurnesjum væri mjög lágt og að öllum líkindum það lægsta á landinu.

Könnun sem MSS og FS framkvæmdu í nóvember 2006 sýndi að almenningur er ánægður með starfsemi Miðstöðvarinnar. Rætt var við 268 einstaklinga á Suðurnesjum og höfðu 96% þátttakenda heyrt um Miðstöðina, 73% höfðu lesið námskrá MSS, 27% höfðu nýtt sér þjónustu stöðvarinnar og allflestir voru ánægðir með þjónustuna.

23. nóvember 2007 afhenti Forseti Íslands, Hr. Ólafur Ragnar Grímsson Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum Starfsmenntaverðlaunin í flokki skóla og fræðsluaðila og veitti Guðjónína Sæmundsdóttir forstöðumaður verðlaununum viðtöku.

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum fagnaði 10 ára afmælinu með afmælishátíð í húsakynnum Miðstöðvarinnar. Margar góðar gjafir bárust Miðstöðinni frá Verkalyðs- og sjómannafélagi Keflavíkur og nágrennis, Verslunarmannafélagi Suðurnesja, Iðnsveinafélagi Suðurnesja, Rafiðnaðarsambandinu og Samkaupum.

Eftir því sem árin hafa liðið hefur starfsemi MSS vaxið og framboð af námi aukist, eins og nánar verður vikið. Þörfin fyrir aukið rými hefur aukist ár frá ári og gamla barnaskólinn við Skólaveg löngu orðinn of lítill. Starfsemi MSS er með fast aðsetur á tveimur stöðum, í gamla barnaskólanum að Skólavegi 1 og í húsnæði Íþróttakademíunnar í Reykjanesbæ. Miðstöðin mun flytjast í nýtt húsnæði á Samkaupssvæðinu í byrjun árs 2009.

2.1. Ánægður með þróun MSS

-Viðtal við Ólaf Jón Arnbjörnsson

Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurnesja hefur frá upphafi verið stjórnarformaður Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum. Fjölbrautaskólinn er einn af stofnaðilum Miðstöðvarinnar og þekking Ólafs Jóns á sviði fullorðinsfræðslu gerði það að verkum að aðstandendum MSS þótti við hæfi að hann gengdi því embætti. Ólafur Jón var líka sá aðili sem vann Miðstöðinni brautargengi. *„Þegar ég tók við stöðu skólameistara Fjölbrautaskólans fékk ég það verkefni að fylgja starfi forvera míns, Hjálmars Árnasonar, eftir en hann hafði mikinn áhuga á því að byggja upp starfstengt nám við skólann. Hann var búinn að mynda hér öflugt netverk með þátttöku sveitarfélaga, aðila vinnumarkaðarins og fyrirtækja á svæðinu en vinnan var komin í strand. Það hafði ekki tekist sem skildi að byggja upp starfstendar námsbrautir í framhaldsskólum en tilraunir á einstökum vinnustöðum hafði*

gefið góðan árangur og þá fyrir fullorðna með litla grunnmenntun. Það var því ákveðið að við skyldum leggja áherslu á símenntun og endurmenntun fullorðinna, styrkja það í starfi og kynda undir frekara nám. Þar með færi að myndast staðall í fyrirtækjum sem auðveldaði uppbyggingu starfsnáms. Ég lagði því til við aðstandendahópinn að í staðinn fyrir að fara í grunnnámsmenntunina að fara í fullorðinsfræðslu. Það tók tíma að kynna þetta en öll urðum við þó sammála um áherslur og markmið þegar upp var staðið. Ég vissi að allir yrðu að samþykkja hugmyndina til að finnast þeir eiga í henni, ” sagði Ólafur Jón.

Um það leiti sem Ólafur Jón er að vinna í undirbúningi að stofnun MSS var í menntamálaráðuneytinu verið að undirbúa ný lög um framhaldsskóla. Ólafur Jón vissi að í lögnum væri skólunum heimiluð aðild að fullorðinsfræðslumiðstöðvum og því væri lag að koma henni á fót og starfrækja undir nýju lögnum. Í þessum sömu lögum er ábyrgðinni á starfstengdu námi varpað út til starfsgreinasambandanna og í kjölfarið fór verkalýðshreyfingin að vinna í símenntunarmálum og koma á fót sjóðum til símenntunar starfsfólks. Að sögn Ólafs Jóns þrengdi lagaramminn frumkvæði skólanna en jók að sama skapi miðstýringu ráðuneytisins. Í nýju framhaldsskólalögnum, sem nú er verið að vinna að, sé hins vegar lögð mikil áhersla á starfstengt grunnnám, að það verði eft í framhaldsskólum og ábyrgðinni því aftur í höndum skólanna. FS hefur þó um langt árabil boðið upp á öflugt iðnnám og annað starfstengt nám, s.s. í sjúkraliðun. „Í dag er umhverfið varðandi starfsmenntun ungs fólks allt annað en það var fyrir 10 árum þannig að það verður mun auðveldara að byggja upp starfsnámsbrautir í skjóli nýju framhaldsskólalaganna. Það má því segja að það markmið að skapa jarðveg fyrir nýjar starfstengdar brautir við FS sé að náðst, en það var eitt af markmiðunum með stofnun MSS.”

-Ertu ánægður með þróun MSS á þessum 10 árum og stöðuna í dag?

„Já, ég er mjög ánægður. Okkur hefur tekist að halda forystu og samstaða um Miðstöðina er mikil. Það var eðlileg þróun að MSS tæki við fjarnáminu því það var enginn að sinna því. Við erum afar stolt af fjarnáminu, því fylgdi hins vegar ekkert fjármagn og út í það höfum við verið svekkt. Víða fyrir norðan, á austurlandi og á vestfjörðum hafa símenntunarmiðstöðvarnar sem bjóða upp á fjarnám á háskólastigi verið að fá aukafjárveitingar fyrir starfsemi sem við erum líka að sinna. Rökstuðningurinn er lágt menntunarstig og fólksflótti. Menntunarstigið hér er líka lágt en mikil fólksfjölgun. Það er í fyrsta sinn á fjárlögum næsta árs sem til MSS renna 3 milljónir vegna háskólakennslu.”

2.2. Unnu að því að kynna fólki mikilvæg réttindi sín

-Viðtal við Kjartan Má Kjartansson

Kjartan Már Kjartanson veitt Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum forstöðu fyrsta starfsárið. Kjartan Már sagði að mjög vel hefði gengið að fóta sig í upphafi. „Þeir sem unnið höfðu að undirbúningi stofnunar MSS höfðu gert það mjög vel, undir styrki stjórn Ólafs Jóns Arnbjörnssonar, skólameistara FS og því má segja að ég hafi tekið við mjög góðu búi strax í upphafi. Það var hins vegar öllum ljóst að hér var um tilraunaverkefni að ræða, ekki bara hér á Suðurnesjum heldur einnig á landsvísu og því óljóst að mörgu leyti hvort og þá hvernig þessi tilraun myndi heppnast. Það er nú einu sinni svo að ef fólk hefur ekki trú á hlutunum er erfiðara að koma þeim í framkvæmd. Því var mikilvægt að skapa mikil traust, sterka tiltrú og jákvæða strauma í garð MSS strax í upphafi og ég held að það hafi tekist.”

Kjartan Már tók einnig fram að mikil vinna hafi farið í að útskýra fyrir einstaklingum og fyrirtækjum hvernig starfsemi MSS væri hugsuð; að hún væri hugsuð sem dyr að fjölbreyttri menntun, formlegri sem óformlegri, atvinnutengdum námskeiðum, tómstundanámskeiðum og ráðgjöf og að um raunverulegt samstarf atvinnulífsins, stéttarféлага og menntakerfisins væri að ræða. „Ég fann að margir höfðu litla trú á að samstarf þessara aðila væri í raun gerlegt þar sem menn voru vanari því að fulltrúar fyrirtækja og stéttarféлага væru að karpa um kaup og kjör frekar en vinna saman að mikilvægum, sameiginlegum hagsmunamálum eins og menntun starfsfólks. Annað sem einkenndi starfsemina var sú áhersla sem við lögðum á að era fólk meðvitað um réttindi sín til námsstyrkja, bæði frá stéttarfélögum og vinnuveitendum, því margir höfðu ekki hugmynd um þau mikilvægu réttindi. Það var auðvitað óbeint gert til þess að hjálpa fólki með að standa undir námskeiðskostnaði og þar með rennari stoðum undir fjárhagslegan grundvöll MSS.”

Fyrstu misserin voru vélstjóranámskeið fyrir trillusjómenn, fjarnám á háskólastigi í ferðamálafræðum og ýmis námskeið fyrir atvinnulífið meðal stærstu verkefna. Eins og gengur voru sum námskeið vinsælli en önnur. „Mér er minnisstætt hversu margir höfðu áhuga á víssmökkunarnámskeiðum Einars Thoroddsens læknis sem við héldum á Glóðinni og slógu í gegn,” sagði Kjartan Már.

2.3. Jákvæð umræða skilaði sér

-Viðtal við Skúla Thoroddsen

Skúli Thoroddsen tók við stjórnartaumum MSS um það leyti sem Miðstöðin var að slíta barnsskónum. Nokkur vinna hafði farið í ímyndaruppbyggingu Miðstöðvarinnar en mikilvægt var að tryggja framtíðarrestrargrundvöll hennar. Skúli sagði að það hafi verið fyrsta verkefni hans sem framkvæmdastjóra, auk þess að koma starfseminni í sjálfstætt húsnæði og afmarka hana frá hinu formlega skólakerfi. Markhópurinn hafi verið fullorðið fólk sem ekki hafði lokið formlegu námi, var í atvinnulífinu og markmið MSS hafi verið að auka þekkingu þess og færni án þess að það færi í gegnum hið formlega skólakerfi. Miðstöðin hafði smá aðstöðu í lítilli kompu í Fjölbrautaskóla Suðurnesja fyrsta starfsárið, en kennsla fór fram í skólanum eftir skólatíma og hjá verkalýðsfélögunum.

Ekki var síður mikilvægt að tryggja Miðstöðinni fastar tekjur, til þess að geta unnið í þágu markhópsins. „Við höfðum leitað til menntamálaráðuneytisins en svörin þaðan voru á þá leið að fullorðinsfræðsla væri eitthvað sem menn áttu að sjá um sjálfir og kæmi ráðuneytinu ekki við. Á þessum tíma hóf MSS samstarf við Fræðslunet Austurlands, Símenntunarmiðstöð Vestfjarðar, sem þá var að myndast og Þingeyinga sem síðar varð að föstu sambandi í Kvasi, samtökum símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni. Okkur þótti brýnt að stilla saman strengi og bera erindi okkar sameiginlega upp við fjárlaganefnd alþingis.” Skúli sagði að fyrir tilstilli Jóns Kristjánssonar, formanns fjárlaganefndar og Einars Odds Kristjánssonar varaformanns fjárleganefndar hafði náðst að fá fjármagn til reksturs símenntunarmiðstöðva. „Þeir voru báðir landsbyggðarþingmenn og vissu um nauðsyn þess að efla þekkingu á landsbyggðinni. Þeir veðjuðu á að við værum að gera rétta hluti. Þetta frumkvöðlastarf sem unnið var hér leiddi einnig til jákvæðrar umræðu í Samtökum atvinnulífsins og skilaði sér þaðan til ráðuneytisins. Umræðan fór að ná eyrum þeirra sem skiptu máli úti í samfélaginu.”

Bros besta kynningin

Í framkvæmdastjóratíð Skúla hófst undirbúningur að markvissu fjarnámi frá Háskólanum á Akureyri í gegnum Miðstöðina. Miðstöðin hafði boðið upp á starfstend námskeið t.d. í ummönnunargeiranum og þegar tilraunir voru gerðar með fjárnám í hjúkrunarfræði á Ísafirði var ákveðið að láta á það reyna hvort hægt yrði að bjóða upp á þetta nám á Suðurnesjum. „Það var vöntun á menntuðu fólki í ummönnunargeiranum og skortur á hjúkrunarfræðingum og því ákváðum við að hvort þetta væri fær leið til þess að bæta úr þessum skorti. Síðan gerist það að þegar við byrjum á þessum viðræðum við H.A., þá koma upp óskir frá nemendum, sem höfðu verið á námskeiðum, hvort ekki sé hægt að koma á námi í fleiri greinum, s.s. viðskiptafræði eða rekstrarfræði. Háskólinn á Bifröst var nýr og vildi þreifa fyrir sér með fjárnám, en þeir treystu sér ekki í þetta. Hins vegar var ákveðið að fara af stað með rekstrarfræði sem tilraunaverkefni, úr því að gott samstarf var hafið við H.A. Þegar það nám fer af stað þá fer áhugi menntamálaráðherra að vakna á þessum möguleika.”

Skúli sagði að það sem fyrst og fremst einkenndi hans tímabil hafi verið taka við og raungera þá hugmynd að tengja saman aðila vinnumarkaðarins, sveitarfélög og skóla. Hugmyndin hafi verið ný á Íslandi og skemmtilegt hafi verið að fá tækifæri til að koma henni í framkvæmd. „Annað var að fá viðurkenningu fyrirtækja á svæðinu og koma forsvarsmönnum í skilning um hversu mikilvægt væri að hafa hæft starfsfólk í sinni þjónustu. Ekki síður mikilvægt er að hafa aðgang að faglegum manneskjum til að skipuleggja nám í þeirra þágu.”

Aðspurður um viðbrögðin sagði Skúli að besta kynningin hafi verið þátttakendurnir á námskeiðunum, þeir hafi skilað brosi og ánægju til sinna samstarfsmanna. „Árangur fjarnemanna var ekki síður mikil viðurkenning fyrir okkur. Brottfallið var lítið, árangur þeirra góður og mikil samheldni var í fjárnámshópunum. Okkur tókst að skapa jákvætt starfsumhverfi fyrir nemendur okkar og það var almenn ánægja með það sem miðstöðin var að bjóða.”

2.4. Starfsmenntaverðlaunin segja að við séum að gera rétt

-Viðtal við Guðjónínu Sæmundsdóttur

Guðjónína Sæmundsdóttir framkvæmdastjóri Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum var í fyrstu ráðin verkefnastjóri hjá Miðstöðinni til þess að sinna Markviss verkefninu. Verkefnastjórnunin náði yfir allt landið þar sem MSS var falin umsjón með þarfagreiningarkerfinu eftir að hafa verið fyrst til þess að tileinka sér það. Fyrstu útgáfuna þýddi Oddný Harðardóttir, þá aðstoðarskólameistari FS en eftir að Guðjónína hóf störf hjá MSS árið 2001 vann hún m.a. við þýðingu og staðfæringu á nýrri útgáfu. Markviss verkefninu stýrði Guðjónína til ársins 2006 þegar Erla Björg Guðmundsdóttir og Emil Björnsson voru ráðin til verkefnastjórnunar.

Guðjónína sagði að fyrir utan Markviss hefðu aukist áherslur á menntun í ferðaþjónustu þegar hún byrjaði hjá MSS, enda menntaður ferðamálafræðingur. „Frá því að ég hóf störf hér hefur ég lagt mikla áherslu á að ná til ferðaþjónustuaðila, bæði með námstefnum og þróunarverkefnum til að fræða starfsfólk í ferðaþjónustu um svæðið. Í minni framkvæmdastjórntíð hefur einnig verið boðið upp á leiðsögumannanám í samstarfi við Leiðsögumannaskóla Íslands og einn hópur verið útskrifaður. Annar markhópur sem mér er

mjög hugleikinn eru einstaklingar með lestrar- og skriftarerfiðleika. Eitt af mínum fyrstu verkefnum sem forstöðumaður var að fara af stað með áttak fyrir þennan hóp. Mér finnst mikilvægt að stofnun eins og MSS þjóni þessum hópi vel því oft og tíðum er stuðningur og hvatning, ásamt úrræðum, það sem þessi hópur þarf sérstaklega mikið á að halda. Við viljum halda áfram að þróa þessa þjónustu en hins vegar er hún kostnaðarsöm og því tel ég mikilvægt að fá einhverja í lið með okkur. Þar sé ég t.d. fyrir mér fyrirtæki, sem hefur áhuga á að aðstoða okkur við að tryggja að lesblindir fái alla þá aðstoð sem þeir þurfa á að halda, komi til. Þá hef ég lagt áherslu á að ná til fleiri þátttakenda með því að gera MSS að regnhlíf fyrir aðra námskeiðshaldara, þ.e.a.s. við auglýsum ekki bara okkar námskeið í námskrá heldur er hægt að kaupa sér þessa þjónustu.”

Guðjónína nefndi að allt það nám sem boðið væri uppá hjá Miðstöðinni hafi skapað mörgum tækifæri til náms. „Við finnum mikið að fólkið kemur hingað í nám sem hefur ekki aðstæður til að fara í nám í Reykjavík. Námið hefur auk þess verið að svara þörfum bæjarfélagsins í menntunarmálum, eins og sannast hefur í grunnskólunum, leikskólunum og á sjúkrahúsinu. Ég er að vonast til þess að við getum boðið upp á leikskólabrú í byrjun árs 2008. Það vinnum við í samstarfi við Guðríði Helgadóttur leikskólafulltrúa og leikskólana á Suðurnesjum. Þá mun 3 ára starfsreynsla á leikskóla þeirra sem eru 22 ára og eldri og hafa auk þess yfir 200 kennslustundir í fagnámskeiðum leikskóla gera þá gilda umsækjendur í nám á leikskólabrú.”

Mikil ánægja með þjónustuna

Starfsemin hefur vaxið jafnt og þétt á þeim 10 árum sem MSS hefur verið starfrækt. Guðjónína segir að fjárnámið og almennt námskeiðshald vinni vel saman. „Auðvitað hefur fjárnámið haft áhrif á námskeiðshald og margir héldu lengi vel að hér væri boðið upp á lítið annað en fjárnám. Það breyttist hins vegar mikið þegar fjárnámið fékk aðstöðu í Íþróttakadéminni. Þá jókst sýnileiki almennra námskeiða og jafnframt urðu fleiri námskeið haldin hér í húsi. Mest allan tímann sem MSS hefur verið starfandi hafa starfsmenn verið 2 og 3. Í dag eru 4 starfsmenn í 100% vinnu og fimmti starfsmaðurinn hefur störf 1. janúar 2008. Meiri vinna hefur einnig farið í lengri námsleiðir og nýjungar sem við höfum verið að bjóða uppá. Þar vegur náms- og starfsráðgjöf mest en í þeirri þjónustu er mesta aukningin um þessar mundir. Niðurstöður könnunar sem við gerðum með Fjölbrautaskóla Suðurnesja undir lok ársins 2006 segir okkur að nokkuð margir vita um starfsemina. Spurningar voru lagðar fyrir 268 einstaklinga og höfðu 96% heyrt um Miðstöðina. 73 af hundraði höfðu lesið námsskrána og 27% höfðu nýtt sér þjónstu MSS. Allflestir svarenda voru ánægðir með þjónustuna.”

MSS fékk undir árslok 2007 Starfsmenntaverðlaunin og tók Guðjónína við verðlaununum úr höndum Ólafs Ragnars Grímssonar forseta Íslands. Hún sagðist að vonum mjög ánægð með þessa viðurkenningu. „Þetta er mjög mikil viðurkenning fyrir það starf sem hér hefur verið innt af hendi. Þeir þættir sem sérstaklega voru nefndir við verðlaunaafhendinguna voru lesblinduverkefni, fjárnámið, starfs- og námsráðgjöf, öflugt námskeiðshald, og góð tengsl við hagsmunaaðila. Þá var sérstaklega talað um frumkvöðlastarf. Þetta segir okkur að við erum að gera rétta hluti og að við eigum að halda áfram á sömu braut.”

3. Fullorðinsfræðsla

Byrjað var að bjóða upp á almenn námskeið við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum fljótlega eftir stofnun. Námskeiðin eru ýmist haldin að frumkvæði MSS en einnig að beiðni fyrirtækja og stofnana. MSS á samstarf við ýmsa aðila, bæði innan- og utanlands og liðsinnir einstaklingum og fyrirtækjum sem vilja sækja námskeið. Fræðsluaðilar eiga einnig kost á að koma sínu námstilboði á framfæri með aðstoð Miðstöðvarinnar og er almenningur látinn vita af námskeiðsframboði með námskrá sem borin er í hús á Suðurnesjum í janúar og september og einnig með sérstökum auglýsingum í staðarblöðum.

Námskeiðin eru af tvennum toga, annars vegar námskeið sem miða að því að auka þekkingu þeirra sem þau sækja og höfða gjarnan til þeirra sem minnstu menntun hafa og tólmstundanámskeið, þátttakendum til yndis. „*Starfsmaður hlaðinn þekkingu, sem er áhugalaus um símenntun sína, fellur fljótt í virði. Ef áhugi starfsmanns til að sækja sér menntun og viðbótarþekkingu er nægur, getur fátt stöðvað hann í að ná tilsettum árangri í menntun sinni og starfi.*” varð Árna Sigfússyni að orði í Námskrá MSS haustið 2002 og nefndi í framhaldi að Miðstöðin væri eitt sterkasta dæmið um vel heppnaða uppbyggingu menntunar á Suðurnesjum. Verður hér stiklað á stóru um það sem staðið hefur Suðurnesjamönnum til boða.

3.1. Menntun stuðningsfulltrúa

Á berskuárum Miðstöðvarinnar, nánar tiltekið haustið 1999, var undirrituð viljayfirlýsing vegna samstarfs við Borgarholtsskóla um námskeið fyrir stuðningsfulltrúa í skólum á Suðurnesjum og kom skólaskrifstofa Reykjanesbæjar einnig að því. Námið hófst í októberlok og var markmið þess að leitast við að koma til móts við nýjar og breittar áherslur í skólastarfi. Þátttakendur voru 22 og komu frá Reykjanesbæ, Sandgerði, Garði og Grindavík. 17 nemendur luku námi sem stuðningsfulltrúar í grunnskólum og útskrifuðust frá MSS og Borgarholtsskóla 4. janúar 2002. Guðný Kristjánsdóttir, ein námskvenna sagði þetta í samtali við blaðamann Morgunblaðsins að námi loknu: „*Ég hef lært heilmikið og kem öflugri til starfa. Til þess er leikurinn gerður.*” (Mbl. Gagnasafn, 05.01.02, sótt 11.11.07)

3.2. Vika símenntunar

Vika símenntunar var haldin hátíðleg í fyrsta sinn árið 2000, að frumkvæði Menntamálaráðuneytis. Aðdragandinn var sá að á 30. aðalráðstefnu UNESCO 1999 var samþykkt að hvetja aðildarlöndin til að halda „*adult learners week*” frá og með árinu 2000 í tengslum við alþjóða læsisdaginn 8. september. Menntamálaráðuneytið ákvað í kjölfarið að halda „*Viku símenntunar*” árlega en Mennt sér um framkvæmd fyrir menntamálaráðuneytið. Markmið vikunnar er að hvetja fólk með stutta skólagöngu að baki til að auka við þekkingu sína og færni og eru fjölmargir hagsmunaaðilar kallaðir til samstarfs.

MSS hefur frá upphafi tekið þátt í vikunni með ýmsum hætti. „*MSS vill koma til móts við nýja tíma, nýja öld og bjóða fyrirtækjum og einstaklingum upp á námskeið löguð að þeirra þörfum og starfsemi,*” sagði Skúli Thoroddsen í inngangi í bæklingi sem gefinn var út í tilefni af „*Degi símenntunar*” 28. ágúst 2000. Árið 2001 var lögð áhersla á að tengja Íslands og umheiminn í tilefni af evrópsku tungumálaári undir slagorðunum „*Vits er þörf þeim er víða ratar*” og „*Menntun er skemmtun*”. Af öðrum verkefnum má nefna símenntun vitundavakningu ungs fólks undir slagorðinu „*EKKI BARA HUGSA UM ÞAÐ!*” Þar var leitast við að opna augu þeirra varðandi möguleika til náms og þeim kynnt hvert þau geti

leitað.

Starfsfólk MSS hefur í „*Viku símenntunar*” farið í fyrirtæki og kynnt starfsemi Miðstöðvarinnar auk þess að bjóða upp á námsráðgjöf, áhugasviðs- og lesblindugreiningu. Einnig hefur verið boðað til ráðstefnu um stöðu símenntunarmál og framtíðarhorfur frá sjónarhorni þeirra sem bera ábyrgð á henni, þ.e. starfsmanna, atvinnurekenda, stéttarfélagi og hins opinbera. Eitt árið tók Miðstöðin þátt í „*Markviss degi*” en þá var lögð áhersla á símenntuna í atvinnulífinu og markvissa uppbyggingu starfsfólks m.a. með opnun heimasíðu Markviss-verkefnisins á sérstöku málþingi í Eldborg við Orkuver Hitaveitu Suðurnesja í Svartsengi.

Á undanförunum tveimur árum hefur verið boðið upp á áhugaverð námskeið og fyrirlestra í húsakynnum MSS sem hafa laðað að fjölda fólks. „*Að okkar mati er sú aðferð að bjóða upp á ókeypis námskeið og ráðgjöf til að vekja athygli á vikunni og til að kveikja neistann í einstaklingum varðandi námskeið og nám, að virka vel,*” segir í skýrslu MSS frá árinu 2007.

3.3. Íslenskukennsla

Íslenskukennsla fyrir fólk af erlendu bergi hefur verið áberandi hjá MSS frá upphafi. Sumarið 2001 bauð Reykjanesbær júgóslavnesku flóttafólki búsetu í bænum. Í framhaldi gerði Reykjanesbær samning við MSS um kennslu fyrir þetta fólk í íslensku og fjölmenningu, m.a. í samstarfi við Fjölmenningu ehf. Á undanförunum árum hefur mikið verið rætt um mikilvægi tungumálsins í umræðunni um málefni og aðlögun innflytjenda. Ríkisstjórnin hefur lagt aukna áherslu á íslenskukennslu og sett í það aukið fjármagn sem hefur skilað sér í því að námskeiðsgjöld hafa lækkað stórlega og hefur það ýtt undir að fyrirtæki nýti sér þá þjónustu sem í boði er í þessum efnum. Í kjölfarið jókst íslenskukennsla hjá MSS, bæði í formi almennra íslenskunámskeiða og talnámskeiða og fer kennsla fram í öllum byggðalögum á Suðurnesjum. Auk þess býður Miðstöðin upp á svokallaðan „*Landnemaskóla*” fyrir fólk af erlendu bergi. Landnemaskólinn er ætlaður fólki sem hefur náð undirstöðu í íslensku og lærir, auk tungumálsins, um íslenskt samfélag, tölvunotkun, öðlast sjálfstraust og undirbýr færnimöppu.

Á árinu 2007 var farin nýstárleg leið í íslenskukennslu fyrir erlenda starfsmenn í fyrirtækjum á Suðurnesjum. Kennari fór í fyrirtækin að morgni og þar fór kennslan fram. Fyrirtæki sem notfærðu sér þessa nýbreytni voru m.a. Nesbyggð og Bláa lónið. Starfsmennirnir fá að nýta fyrsta klukkutímann í vinnu til að læra íslensku og er kosturinn sá að þeir þurfa ekki að koma þreyttir að kvöldi til í námið. Einnig hefur MSS sett upp kennslu í vaktfríum fyrir fyrirtæki. Páll Harðarson framkvæmdastjóri Nesbyggðar sagði þetta í Námskrá MSS haustið 2007 um reynsluna af kennslunni: „*Árangurinn af þessu er mjög góður og tel ég þetta eina bestu fjárfestingu sem fyrirtækið hefur farið út í. Bæði eru öll samskipti við starfsmennina auðveldari og skólinn „þjappaði” starfsmönnum saman.*”

3.4. Staðbundið leiðsögunám

Meðal stórra verkefna hjá MSS má nefna Staðbundið leiðsögunám sem hófst í febrúarmánuði 2004 og lauk í maí 2005. Leiðsögunámið var í samvinnu við Leiðsögumannaskóla Íslands í Kópavogi og var farið vítt yfir sviðið á Reykjanesskaganum, s.s. jarðfræði svæðisins, gróður og dýralíf, tungumálanotkun, leiðsögutækni, svæðalýsingar og markaðsfræði.

Markmið námskeiðsins var að fjölga þeim sem hafa þekkingu á þessu svæði og stuðla þannig að kynningu á því.

Fjórtán svæðisleiðsögumenn útskrifuðust í maí 2005 og stofnuðu þeir sjálfseignarstofnun til að koma þekkingu sinni á framfæri. Liður í því var að útbúa heimasíðu, www.leidsogumenn.is

3.5. MSS regnhlíf fyrir námskeiðshald á Suðurnesjum

Haustið 2004 varð MSS einskonar „regnhlíf“ fyrir námskeiðshald á Suðurnesjum. Hugmyndin gengur út á það að allt námskeiðsframboð á svæðinu yrði auglýst í námsskrá Miðstöðvarinnar, sem gefin er út bæði að vori og hausti.

Að sögn Ólafs Jóns var þetta alltaf hugmyndafræðin á bak við stofnun MSS á sínum tíma og lýst hann yfir ánægju með þessa hugmynd Guðjónínu Sæmundsdóttur forstöðumanns á stjórnarfundum í árslok 2003. Myndlistarfélag Reykjanesbæjar gerði fljótlega samning við MSS um að Miðstöðin sæi um auglýsingu og skráningu á námskeið félagsins, en mörg önnur félög og einstaklingar á Suðurnesjum hafa keypt mismunandi þjónustu af Miðstöðinni, s.s. auglýsingar í námskrá og á heimasíðu, aðstoð við að finna húsnæði undir námskeið eða óskað eftir að Miðstöðin sjái um skráningu á námskeið, allt eftir þörfum hvers og eins.

3.6. Miðstöðin síbreytileg eftir þörfum eigenda sinna

-Viðtal við forsvarsmenn VS og VSK

Að baki Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum standa meðal annars nokkur stéttarfélag á svæðinu. Stærst þeirra eru Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis og Verslunarmannafélag Suðurnesja. Forsvarsmenn þeirra, Kristján Gunnarsson og Guðbrandur Einarsson eru ánægðir með þá jákvæðu þróun sem orðið hefur í menntunarmálum svæðisins og þar með vaxandi möguleikum sinna félagsmanna. Innan beggja félaganna eru öflugir starfsmennasjóðir sem félagsmenn geta sótt styrki til. Upplýsingum þess efnis er komið til félagsmanna með ýmsum ráðum, bæði í ræðu og riti.

„Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks hefur verið til frá árinu 2000. Félagsmenn VS hafa verið mjög duglegir að sækja sér aukna menntun undanfarin ár og hafa nýtt alla þá fjármuni sem lagðir hafa verið til starfsmenntasjóðsins vegna þeirra, já og meira til,“ sagði Guðbrandur. Hann sagði að verslunarmannafélög hafi marga undangengna samninga lagt áherslu á aukna fullorðinsfræðslu og samfara því lagt fram óskir um fjármagn bæði frá vinnuveitendum og ríkisvaldin til þess að geta aukið slíka fræðslu. „Stéttarfélagin hafa verið í mjög nánu samstarfi við MSS í gegnum tíðina, enda meðal stofnaðila og hafa átt fulltrúa í stjórn. Einstaka stéttarfélag hafa lagt Miðstöðinni til hugmyndir að einstaka sérhæfðum námskeiðum en þó eru það oftast fyrirtækin sem hafa haft frumkvæði að slíku.“ Guðbrandur nefndi að MSS hafi verið brautryðjandi og tók jafnframt fram að símenntunarmál á Suðurnesjum hafi gjörbreyst eftir að Miðstöðin hóf starfsemi. „VS félagar hafa svo sannarlega notið góðs af því. Þeir hafa nú möguleika á að bæta við menntun sína í heimabyggð hvort sem við Háskólann á Akureyri eða aðrar menntastofnanir.“

Kristján Gunnarsson nefndi hvernig mikilvægi Miðstöðvarinnar hefði komið skýrt fram þegar starfsfólk Varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli missti vinnuna í hundraða tali. „Uppsagnirnar hjá Keflavíkurflugvelli voru mestu hamfarir Íslandssögunnar. Þar greip MSS inn í með mjög afgerandi hætti, bauð upp á aðstoð og námsleiðir og hjálpaði fólki að ná fótfestu á nýjan leik. Þarna sáum við svart á hvítu hversu síbreytileg Miðstöðin er og þróast í takt við þróun í atvinnumálum og þar með þörfum eigenda sinna. Það má líka henni við kamelljón.“ Kristján

sagði að VSFK ræki starfsmenntasjóði með atvinnurekendum og þangað gætu atvinnurekendur sótt um styrki sem og félagmenn vegna náms. Hins vegar hafi atvinnurekendur ekki átt sig nógu vel á þessum tækifærum og sótt í þá matarkistu sem starfsmenntasjóðirnir væru. „Aftur á móti sjáum við í skýrslum Starfsafls að fólkið hér á Suðurnesjum er langduglegast að sækja sér námskeið og styrki í sjóðinn, bæði einstaklingar og fyrirtæki. Þar er samstarf okkar við MSS okkar helsta skrautfjöldur. Menntun og þekkingarauki skilar sér í hærri launum og meiri lífsgæðum,” sagði Kristján. Hann nefndi að lokum að framundan væri risaverkefni í samvinnu stéttarféлага, MSS og vinnumarkaðarins sem gengur út á að koma þeim, sem hafa þurft að hverfa af vinnumarkaði, þangað aftur, ekki endilega í sömu störf, heldur við þau störf sem því henti.

4. Stofnun fyrirtækja eftir nám hjá MSS

4.1. Undri

Námskeið hjá Miðstöð símenntunar hafa beinlínis leitt til þess að fyrirtæki hafa verið stofnuð í kjölfarið. Fyrirtækið Undi við Fitjabraut er dæmi um slíkt fyrirtæki en eigandi þessi, Sigurður Hólm Sigurðsson hafði sótt námskeiðið „Hleypt af stokkunum” hjá MSS árið 1998 í samstarfi við Markaðs- og atvinnumálaskrifstofu Reykjanesbæjar og Iðntæknistofnun. Áætlanir Sigurðar voru á þá leið að hann langaði að fara út í minjagripaframleiðslu en Jón Björn Skúlason atvinnuráðgjafi fékk Sigurð ofan af því, sagði það vonlausan rekstur.

Á námskeiðinu frétti Sigurður af því að starfsmaður Iðntæknistofnunnar, dr. Ragnar Jóhannsson hefði þróað hugmynd um tjöruhreinsi úr tólg en ekkert unnið með það frekar. Menn höfðu ekki trú á framleiðslunni. Sigurður ákvað hins vegar að þróa hugmyndina nánar og úr varð framleiðsluvara undir heitinu Undri.

Fyrirtækið framleiðir núna tjöruhreinsi, iðnaðarsápu, penslasápu, kvoðuhreinsi, blettaeyði, garðhreinsi, flísahreinsi og línsápu fyrir frystihús, svo eitthvað sé nefnt. Fyrirtækið er staðsett við Stapabraut í Reyknesbæ.

4.2. Leiðsögumenn Reykjaness ses.

Þeir 15 svæðisleiðsögumenn sem útskrifuðust frá MSS í maí 2005 settu á fót sjálfeignarstofnun, Leiðsögumenn Reykjaness ses. sem rekur m.a. heimasíðuna www.leidsogumenn.is. Leiðsögumennirnir nutu fjárhagslegs stuðnings atvinnuþróunarsjóðs SSS við verkefnið en einnig leggja þeir sjálfir til stofnfé. Tilgangur stofnunarinnar er „að stuðla að aukinni kynningu á svæðinu á meðal fagfólks í ferðaþjónustu, íbúa, almennings og ferðamanna. Efla jákvæða ímynd svæðisins sem ferðamannastaðar fyrir erlenda og innlenda ferðamenn. Miðla sögu svæðisins til íbúa, almennings og ferðamanna. Selja ferðir um Reykjanes með faglegri leiðsögn útskrifaðra leiðsögumanna,” eins og segir á heimasíðu stofnunarinnar.

4.3. sjf menningarmiðlun

Einn útskrifaðra leiðsögumanna, Sigrún Jónsdóttir Franklín, stofnsetti árið 2007 fyrirtækið sjf menningarmiðlun. Sjf menningarmiðlun gaf út ritið „Sagnaslóðir á Reykjanesi” 1. útgáfu sem kom út árið 2007, einnig göngubæklinga um Garðstíg, Sandgerðisveg og Blálalónshring sama ár.

5. Markviss

Allt frá stofnun MSS hafa einstaklingar og fyrirtæki geta leitað til Miðstöðvarinnar og fengið aðstoð við að greina þörf fyrir menntun, auk upplýsinga og tillagna um leiðir til þess að mæta þörfinni. Meira er þó um að starfsfólk MSS fari í fyrirtæki og bjóði þessa þjónustu. Kerfið sem Miðstöðin hefur notað frá upphafi er þarfagreiningarkerfið „*Markviss uppbygging starfsmanna*” eða MUS. Árið 2001 var nafn kerfisins stýtt í „*Markviss*”.

Markviss er aðferð við að greina og skipuleggja menntun, þjálfun og annað sem lýtur að uppbyggingu starfsmanna í víðustu merkingu. Aðferðin felur í sér að könnuð er færni starfsmanna nú og síðar. Að því loknu er sett fram áætlun um endurmenntun sem starfsmenn þurfa á að halda. Ferlið tekur um 2 til 3 mánuði. Skipulaginu er síðan fylgt eftir á markvissan hátt og árangur af verkefninu mældur og metinn eftir því sem tölur eru á. Markviss gefur stjórnendum og starfsmönnum kost á að meta sjálfir þekkingar- og færniþörf fyrirtækisins og skipuleggja uppbyggingu hvers starfsmanns í samræmi við það.

Grundvallaratriði í Markviss kerfinu er að það lagar sig að þörfum fyrirtækisins, en ekki öfugt. Kerfið samanstendur af þremur hlutum og 10 einingum sem fyrirtæki velja í samræmi við sínar þarfir.

Sérstakir starfsmenn hafa frá haustinu 1998 verið ráðnir til að sinna þarfagreiningu í fyrirtækjum og stofnunum, m.a. Guðjónína Sæmundsdóttir, sem síðar varð framkvæmastjóri MSS og gegnir því hlutverki enn. Hlutverk ráðgjafa er m.a. að koma atburðarrás af stað og leiðbeina fyrirtækjum t.d. við hugmyndasöfnun og að leysa vandamál sem upp geta komið.

MSS og Mennt gerðu samstarfssamning árið 2001 um að Miðstöðin myndi sjá um þýðingu, útgáfu og ráðgjöf á Markviss. Styrkur fékkst frá Starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytis upp á 2 milljónir króna. Í framhaldi var ákveðið að MSS myndi halda utan um verkefnið á Íslandi og var Guðjónínu Sæmundsdóttir falin verkefnastjórn fyrir þetta umfangsmikla verkefni. Heimasíða verkefnisins var opnuð í „*Viku símenntunar*” árið 2002 af Tómasi Inga Olrich þáverandi menntamálaráðherra. Veffang heimasíðunnar er www.markviss.tnet.is.

Árið 2005 gerði Miðstöðin þarfagreiningu fyrir sveitarfélögin á Suðurnesjum þar sem notast var við Markviss aðferðina. Í framhaldi var gert tveggja ára símenntunaráætlun fyrir nokkrar af þeim starfstéttum sem hjá sveitarfélögunum vinna. Stofnaðir voru fimm vinnuhópar sem skiptast eftir starfssviðum og eru í þeim bæði fulltrúar starfsfólks og sveitarfélaganna. Starfsmenn MSS unnu með hópunum og var gerð símenntunaráætlun fyrir hvert starfssvið eftir hugmyndum hópanna, en þannig skapast tækifæri til að vinna markvissara að uppbyggingu starfsmanna, þjálfun þeirra og menntun.

Jóhanna Reynisdóttir, þá sveitarstjóri í Vogum sagði í Námsskrá vorið 2006 að með þessu samkomulagi sveitarfélaganna og MSS hafi stórt framfaraskref verið stigið. „*Í þessum störfum er ekki krafist sérstakrar menntunar og því mikilvægt að efla menntun þessara starfsmanna. Ekki síst vegna þess að aðalhlutverk þeirra er að vinna með börnunum okkar. Framkvæði starfsmanna MSS að þessu samstarfi sýnir metnað og sýn þeirra á menntunarbörf í samfélaginu öllu.*”

5.1. Skólamaturlausn ehf.

Það fyrirtæki sem Miðstöðin er nú að þarfagreina er Skólamaturlausn ehf. Þátttakandi í verkefninu er Starfsafl, starfsmenntasjóður Samtaka atvinnulífsins og Flóabandalagsins. Fanný Axelsdóttir er framkvæmdastjóri Skólamaturlausn og segist hún mæla með þarfagreiningunni

Markviss. „Við gerð greiningarinnar vöknudu margar spurningar og margir áhugaverðir punktar komu fram á sjónarsviðið. Með þarfagreiningunni er verið að vinna markvisst að starfsmannamálum, bæði sýnilegum og ósýnilegum þáttum. Mannauðsstjórnun er alltaf að verða stærri og stærri þáttur í starfi stjórnenda og mikilvægi starfsmannsins er alltaf að verða betur metinn.”

Fanný segist eiga von á því að greiningin muni bæta starfsánægju síns fólks meira en nú er. Gerð verður starfsmannahandbók sem mun nýtast jafnt við móttöku nýrra starfsmanna sem og fyrir þá eldri og reyndari. „Við vonumst eftir því að unnið verði að starfsmannamálum á skipulegri máta en áður var gert og jafnframt að aðgengi að upplýsingum til starfsmanna verði betra sem og flæði milli starfsmanna og deilda.”

5.2. Fyrirtækjaskólar

Samkaupa skólinn: Árið 2003 gerði Miðstöðin samkomulag við Samkaup um Samkaupa skólann. Samningurinn gerði ráð fyrir að MSS tæki að sér og hefði umsjón með skólanum. Markmið skólans var að gera störf í verslunum að innihaldsríku ævistarfi, draga úr starfsmannaveltu, auka möguleika starfsmanna á að vaxa í starfi og auka arðsemi með menntun. Meðal námskeiða voru túlkun kjarasamninga, erfiðir viðskiptavinir, að öðlast framkvæmdagleði, nýliðafræðsla, ávextir og grænmeti og meðhöndlun kjöts.

Bláalónsskóli: Bláa lónið tók vorið 2007 ákvörðun um samstarf við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum vegna fræðslustarfsemi fyrirtækisins. Fyrirtækið sameinaði alla fræðslustarfsemi sína undir einn hatt Bláalónsskólans og getur starfsfólki sem stundar námið fengið það metið til allt að níu eininga til stúdentsprófs. Á námskeiðunum er lögð áhersla á öryggismál, þjónustu og umhverfi, auk þátta sem snúa að persónulegri færni einstaklinganna. Liðlega 20 nemendur hafa stundað námið, ýmist í frítíma sínum eða í vinnutíma og verða fyrstu nemendurnir útskrifaðir í desember 2007.

Hanna Guðlaugsdóttir starfsmannastjóri segir að ákvaðið hafi verið að fara í samstarf við MSS til þess að gera fræðsluna markvissari með aðstoð fagaðila, auk þess að úthýsa ákveðinni vinnu. Námskrá var gerð í samvinnu við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og segir Hanna að úrval námskeiða hafi aukist mikið eftir samstarfið en fræðslumiðlunin var áður í höndum starfsfólks Bláa lónsins. „Ávinningur af samstarfinu hefur orðið mikill að okkar mati. Fræðslan eflir og styður okkar starfsmenn í að virkja sig betur í starfi og fróðleik, sem nýtis þeim vonandi sem hvati fyrir frekara nám í framtíðinni. Góð samvinna hefur stutt undir að allar kennslustundir og fagkennarar hafa fengist og tímasetningar staðist. Mat MSS á gæðum námskeiða hefur einnig verið hreinn ávinningur og mjög gott samstarf við ráðgjafa MSS hvetur til áframhaldandi samvinnu af okkar hálfu.”

Að sögn Hönnu er námið kynnt öllu starfsfólki og þó enginn sé skyldaður til að sækja þjónustunámskeið séu vissar deildir innan Bláa lónsins sem þurfi að sækja ákveðin þjónustu- og öryggistengt námskeið. „Þeir sem skrá sig í þjónustunámið fá greitt tímakaup í viðveru allar kennslustundir, óháð því hvort þeir eru að vinna eða ekki. Það virkar því sem hvati. Starfsmenn vita að við horfum til námsáhuga varðandi möguleika í starfsþróun og öðrum hvata.”

Fyrstu nemarnir voru útskrifaðir úr Bláalónsskólanum 6. desember 2007. Ný námskeiðslota hófst undir árslok 2007 og tekur það á ferðabjónustu. Að sögn Hönnu er lotan styttri og ekki eins tímafrek og sú fyrri. Útskrift er áætluð 7. maí 2008.

6. Af einstökum verkefnum

6.1. *Gegn atvinnuleysi*

Árið 2004 tók MSS þátt í tveimur verkefnum sem beindust gegn atvinnuleysi. Fyrra verkefnið var að frumkvæði Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis og var í samvinnu við önnur stéttarfélög á svæðinu, félagsþjónustu Reykjanesbæjar og Svæðismiðlun. Seinna verkefnið var tengt Félagsmálaráðuneytinu og voru samstarfsaðilar Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Svæðismiðlun, stéttarfélög á svæðinu og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Við gagnasöfnun og greiningu þeirra tæplega 400 einstaklinga sem voru á atvinnuleysisskrá kom í ljós að um 80% fólksins var aðeins með grunnskólapróf, 7% höfðu lokið stúdentsprófi en aðeins öfáir háskólanámi eða öðru framhaldsnámi. Meðal úrræða var að bjóða þeim sem mestan áhuga sýndu að fara í starfstengt nám hjá FS og MSS. Í framhaldi fór fólk í

þriggja mánaða starfsþjálfun hjá atvinnufyrirtækjum, sem jafnframt var hluti námsins.

6.2. *„Skref til sjálfshjálpar“ og „Aftur í nám“*

Allt frá árinu 2003 hefur Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum unnið að verkefnum fyrir fullorðna einstaklinga með lesblindu, í samstarfi við stéttarfélög á svæðinu. Þar hefur Miðstöðin verið í fararbroddi símenntunarmiðstöðva á landinu. Verkefnið hófst í kjölfar þróunarverkefnisins „*Lestrarmenning í Reykjanesbæ*” en framlag MSS til lestrarmenningar var m.a. að einbeita sér að þessum hópi fólks.

Framkvæmd lesblinduverkefnisins er með þeim hætti að boðið er upp á lestrargreiningu fyrir þá sem telja sig eiga við lestrar- eða skriferfiðleika að glíma. Í framhaldi er boðið upp á tvenns konar úrræði; annars vegar „*Skref til sjálfshjálpar*”, sem miðar að því að efla lestrar- og skrifhæfni og auka áhuga einstaklinga á lestri og hins vegar „*Aftur í nám*” sem hefur það að markmiði að koma einstaklingum sem hafa litla formlega menntun aftur í nám.

MSS fékk styrk frá menntamálaráðuneytinu til að þróa úrræði fyrir lesblinda. Boðið var upp á námskeið og varð þátttaka betri en von var á. Jafnframt var mikil ánægja með námskeiðin sem boðið var upp á og urðu þau upphafið að frekara námi hjá mörgum.

Í námsskrá MSS vorið 2007 segir Guðbjörg Benjamínsdóttir að lesblindunámskeiðið sem hún sótti hjá Miðstöðinni hafi skipt sköpum fyrir sig, en hún sótti „*Skref til sjálfshjálpar*”. „*Það var frábært að fá tækifæri til að komast á svona námskeið. Í hópnum myndaðist mikil samkennd og traust og sjálfstraustið óx gífurlega. Í framhaldi af námskeiðinu hóf ég nám á félagssliðabraut-brú hjá Námsflokkum Reykjavíkur. Ég er búin með þrjár annir og á eina eftir. Mér hefur gengið rosalega vel. Ég hefði aldrei getað farið í þetta nám ef ég hefði ekki farið í greininguna og síðan á lesblindunámskeiðið.*”

Í verkefninu „*Aftur í nám*” er Ron Davis aðferðin notuð til grundvallar og er m.a. 40 stunda Ron Davis þjálfun innifalin í námskeiðinu þar sem þátttakendur fá einkatíma hjá sérþjálfuðum leiðbeinanda í fræðunum. Námskeiðið er 95 stundir í heildina og fyrir utan einkatíma er farið í sjálfstyrkingu, íslensku, tölvur og viðtal hjá námsráðgjafa. Námið er ætlað einstaklingum á vinnumarkaði.

Sæmundur Þorkelsson er einn þeirra sem sótti „*Aftur í nám*” hjá Miðstöðinni. Hann sagðist hafa þekkt aðferð Ron Davis fyrir vegna fyrirlesturs sem hann sótti hjá Davis í Háskólabíói fyrir mörgum árum. „*Ég átti alltaf í vandræðum með stafsetningu og tungumálnám í skóla. Þegar umræðan fór að aukast um lesblindu á Íslandi fór ég að leita skýringar og um leið að leita hjálpar. Ég fór á fyrirlestur hjá Ron Davis og las bókina og kannaðist við einkennin. Þegar ég sá svo námskeiðið auglýst hjá MSS síðastliðið vor ákvað ég að drífa mig.*”

Sæmundur sagðist hafa flosnað upp úr námi af fyrrgreindum sökum en vonist til að geta klárað fyrir en síðar. Núna viti hann meira um lesblindu og eigi auðveldar með að leita sér aðstoðar ef með þarf. „*Það hefur reyndar verið erfitt fyrir mig að finna tíma fyrir skólanám eftir ég að skipti um vinnu fyrir tveimur árum, en ég fylgist alltaf með því sem er í boði. Ég á von á því að skella mér í Fjölbrautaskóla Suðurnesja eftir áramót og sitja áfanga sem ég á eftir að taka. Ég þarf að gefa mér svigrúm svo það geti orðið,*” sagði Sæmundur.

6.3. „Iðnnám til framtíðar”

MSS fékk styrk frá Starfsmenntaráði til verkefnisins „*Iðnnám til framtíðar*” árið 2004 til að hvetja einstaklinga sem starfa í iðnaði án iðnmenntunar í nám. Tilgangurinn var að koma þeim af stað í námið með það að markmiði að þeir myndu síðan ljúka sveinsprófi í gegnum hið formlega skólakerfi. 19 einstaklingar hófu námið haustið 2005 og fékkst áframhaldandi styrkur frá Starfsmenntaráði 2005 til verkefnisins. Á árinu 2006 var unnið raunfærnimat í samvinnu við FS og voru 7 nemendur sem fengu yfir 30 einingar metnar í mati á húsasmíðabraut. Einnig var samvinna við Iðnskólann í Hafnarfirði og Iðnskólann í Reykjavík um raunhæfimat fyrir málara og pípara.

Tillaga um að verkefnið nái til allra starfsstétta liggur nú hjá menntamálaráðuneytið og ef hún verður samþykkt munu verkefnið aukast í framtíðinni.

6.4. Náms- og starfsráðgjöf

Meðal nýjunga hjá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum er náms- og starfsráðgjöf. Ráðgjöf er einkar mikilvæg þegar kemur að því að halda í nám eftir langt hlé eða til að fá aðstoð við að finna út hvar áhuginn liggur. Ráðgjöfin er kynning annars vegar og persónuleg ráðgjöf fyrir einstaklinga eða hópa hins vegar. Kynningarnar fara fram á vinnustöðum þar sem náms- og starfsráðgjafi kynnir verkefnið og í framhaldi af því er starfsmönnum boðið að koma í viðtal. Viðtölin fara ýmist fram í húsakynnum Miðstöðvarinnar eða á vinnustöðum.

Anna Lóa Ólafsdóttir er verkefnisstjóri náms- og starfsráðgjafarinnar. Hún segir að forsöguna megi rekja til endurnýjun kjarasamninga ASÍ árið 2005. „*Þá gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu um aukið fjármagn til fullorðinsfræðslu og starfsmenntamála, m.a. með því að efla náms- og starfsráðgjöf á vinnustað fyrir einstaklinga með litla formlega menntun. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gerði í framhaldi samning við MSS þar sem Miðstöðinni er falið að hafa umsjón með ráðgjöfinni en Fræðslumiðstöðin sér um að miðla þekkingu með handleiðslu og kennslu. Verkefnið sem nefndist „Þitt val – þín leið” er fjármagnað til ársins 2009.*”

Að sögn Önnu Lóu kom verkefnið á góðum tíma fyrir Suðurnesjamenn þar sem Varnarliðið á Keflavíkurflugvelli kvaddi á vormánuðum 2006 og eftir sátu margir atvinnulausir og í óvissu um framtíðina. „*Það voru því aðallega starfsmenn Varnarliðsins sem nýtt sér þessa þjónustu í byrjun enda þótti brýnt að mæta hópnum sem best við þessar erfiðu aðstæður.*” Markhópurinn er einnig fólk sem á við lestrar- og skriftarferfiðleika að stríða og segir Anna

Lóa að það sé vaxandi að fólk leiti sér ráðgjafar að eigin frumkvæði. Ráðgjöfin nýtist ekki síður þeim sem þurfa að efla námstækni sína, gera ferilskrá eða færnimöppu og fá sjálfsstyrkingu.

Rúmlega helmingur þeirra sem fengu kynningu nýttu sér ráðgjöfina og segir Anna Lóa að verkefnið hafi gengið mjög vel. Hins vegar þurfi að ná betur til karlmannna þar sem konur sem sækja ráðgjöf séu rúmlega þriðjungu fleiri. „*Eftir að fólk hefur komið í fyrsta viðtal býð ég þeim að koma aftur. Margir kjósa að koma aftur, kannski eftir ½ ár og við skoðum í sameiningu hvað hefur gerst á tímabilinu. Þeim hefur fjölgað sem kjósa að koma í fleira en 1 viðtal og fólk getur komið allt að 4 sinnum. Ráðgjöfin gengur út að hjálpa fólki að hjálpa sér sjálf.*”

7. Ný framtíð: Háskólanám heim í hérað

Árið 1999 hófst undirbúningur að markvissri háskólakennslu í fjarnámi í gegnum MSS en Miðstöðin hefur verið frumkvöðull í þróun fjarnáms á háskólastigi í samvinnu háskóla landsins. Þetta ár hafði Háskólinn á Akureyri fengið styrk frá Byggðastofnun til undirbúnings fjarkennslu. MSS fagnaði þessu og óskaði strax eftir samstarfi við háskólann vegna undirbúnings háskólanáms veturinn 1999 – 2000 í gegnum fjarfundabúnað í húsakynnum Miðstöðvarinnar. Til stóð að hefja kennslu í hjúkrunarfræði, sem hafin var á Ísafirði, en framkvæmdin frestaðist um ár.

Þann 29. desember 1999 undirrituðu Háskólinn á Akureyri, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja samkomulag um að koma á fót samstarfsverkefni um háskólanám á Suðurnesjum. Lögð var áhersla á hjúkrunarfræði í þessum fyrsta áfanga.

Undirbúningur fjarnáms á háskólastigi gerði það að verkum að huga þurfti að hentugara húsnaði fyrir Miðstöðina. Stjórn MSS fékk augastað á gamla skólahúsinu við Skólaveg, sem stóð autt eftir að kennslu var hætt þar. Þangað flutti miðstöðin 1. ágúst 2000. Jafnframt þótti við hæfi að móta framtíðarsýn. Þar segir meðal annars að meginhlutverk Miðstöðvarinnar sé „*að efla lífsgæði, menntun og atvinnulíf á Suðurnesjum.*” Þessu hyggst MSS ná „*með því að hvetja, miðla, skapa aðstöðu, bjóða upp á námskeið, nám, ráðgjöf og þjónustu fyrir alla Suðurnesjabúa með það að markmiði að hækka menntunarstig á Suðurnesjum, bæta aðgengi að námi og efla bæði atvinnulíf og mannlíf á svæðinu.*”

7.1. Sögulegt aldamótaár

Aldamótaárið 2000 var sögulegt í starfsemi MSS því í ágúst það ár hófst fjarnám á háskólastigi í nýjum húsakynnum MSS frá Háskólanum á Akureyri um þriggja símalínu fjarfundabúnað og um vefsíðu á tölvuneti frá HA. Miðstöðin lagði til námsumhverfi fyrir fjarkennsluna og aðstöðu, s.s. kennslusal, tölvuver, aðgang að námsgagnasafni um tölvur og fræðiritum í samvinnu við Bókasafn Reykjanesbæjar. Fjarnemar greiða aðstöðugjöld til MSS og aðrir háskólanemar geta fengið hópavinnuaðstöðu gegn gjaldi.

Stuttu áður hafði Miðstöðinni borist höfðinglegar gjafir frá tíu fyrirtækjum á Suðurnesjum til kaupa á búnaði fyrir tölvuver, alls 2,5 milljónir króna. Stjórn MSS fullyrti við móttöku gjafanna að „*án stuðnings þessara fyrirtækja hefði háskólanám í fjarkennslu sennilega ekki farið af stað, og ólíklegt er að þorri nemenda við MSS hafi átt þess kost að hefja háskólanám við aðrar aðstæður en þær sem nú hafa verið skapaðar á Suðurnesjum,*” eins og kemur fram í

ársskýrslu stjórnar árið 2000. Þessi fyrirtæki eru Haraldur Böðvarsson hf. í Sandgerði, Hitaveita Suðurnesja, Íslandsbanki hf. í Reykjanesbæ, Landsbanki Íslands hf. í Reykjanesbæ, Lífeyrissjóður Suðurnesja, Nesfiskur ehf. í Garði, Samkaup hf., Saltver hf., Sparisjóðurinn í Keflavík og Þorbjörn hf. í Grindavík.

Háskólanámið var mikil bylting, eins og gefur að skilja, sérstaklega fyrir fjölskyldufólk sem ekki hefur tök á því að rífa sig upp og hætta vinnu eða keyra til höfuðbogarsvæðisins á hverjum degi til að stunda nám. „*Þetta er eitt mesta byggðamál sem upp hefur komið hér á landi í mörg ár,*” sagði Böðvar Jónsson í Morgunblaðsviðtali eftir að hann útskrifaðist úr viðskiptafræði eftir fjárnám frá HA en Böðvar kom einnig að fjarnáminu sem bæjarfulltrúi. (Mbl. Gagnasafn, 14.07.05, sótt 02.10.07).

Guðbjörg Sigurðardóttir hjúkrunarfræðingur var ein þeirra sem skráði sig í fjárnám í hjúkrunarfræði. Hún hafði stundað nám við Háskóla Íslands en varð frá að hverfa eftir að hún eignaðist sitt fjórða barn árið 1997. Í framhaldi ákvað Guðbjörg að reyna að beita sér fyrir því að fá námið heim í hérað. Í viðtali sem tekið var við Guðbjörgu í Morgunblaðinu rétt fyrir brautskráningu, sagði Guðbjörg þetta: „*Þannig var að Hjálmar Árnason alþingismaður og Friðjón Einarsson, þá forsvarsmáður markaðs- og atvinnumálaskrifstofu Reykjanesbæjar höfðu eitthvað verið að kanna fjarnámið á Ísafirði gegnum Háskólann á Akureyri, sem þá var nýhafid, ásamt Skúla Thoroddsen, þá framkvæmdastjóra MSS. Ég og Sólveig Guðmundsdóttir, eiginkona Friðjóns, hittumst svo einn daginn og mönuðum hvor aðra upp í að vinna nú að því að fá fjarkennslu í hjúkrunarfræði hingað suður. Við höfðum samband við ráðamenn í bæjarfélaginu og eftir þónokkrar umræður, frestun og undirbúning hófst námið haustið 2000.*” (Mbl. Gagnasafn, 17.07.04, sótt 02.10.07.) Alls 17 hófu nám í hjúkrunarfræði þetta fyrsta námshaust, auk 30 nema í rekstrarfræði við Háskólann á Akureyri sem hófst á sama tíma.

Kennsla í leikskólafræðum hófst hjá MSS haustið 2001, ásamt námi í auðlindafræði, hvorutveggja við Háskólann á Akureyri. Ári síðar hófst fjárnám í grunnskólafræðum við Kennaraháskóla Íslands og alveg frá upphafi fjárnáms hjá MSS hafa nokkrir nemendur stundað fjárnám í einstökum greinum við Háskóla Íslands. Aðrir fjarnemar hafa einnig haft starfsaðstöðu hjá Miðstöðinni.

Í febrúarmánuði 2003 lögðu 20 manns frá Suðurnesjum fram áskorunarbréf til menntamálaráðherra varðandi fjarkennslu á grunnskólabraut kennaradeildar við Háskólann á Akureyri hjá MSS. Samþykkt var að bjóða upp á námið frá og með haustinu 2003 og varð grunnskólakennaranámið 5. námsleiðin sem Suðurnesjamönnum gafst kostur á að nema í fjarnámi frá HA við Miðstöðina. Aðrar leiðir voru leikskólabraut, rekstrar- og viðskiptabraut, auðlindabraut og hjúkrunarbraut. Þetta leiddi til þess að fjölguna nýnema haustið 2003 varð mikill sem hafði í för með sér mikinn aukakostnað fyrir MSS.

7.2. Fyrsta útskriftin

Þann 17. júní 2004 var brotið blað í sögu menntunar á Suðurnesjum. Þá voru fyrstu háskólanemarnir útskrifaðir úr fjarnáminu, 9 hjúkrunarfræðingar og 8 viðskiptafræðingar, sem allir höfðu numið frá haustinu 2000. Útskriftin fór fram í Keflavíkukirkju og meðal viðstaddra var Þorsteinn Gunnarsson rektor Háskólans á Akureyri.

„*Dagurinn í dag er stærri en oft áður,*” sagði Björk Guðjónsdóttir forseti bæjarstjórnar við útskriftina og bætti við að nú væri samfélagið ríkara, enda alkunna að fólk heldur gjarnan

kyrru fyrir í byggðalaginu þegar það hefur kost á fjarnámi. (Mbl. Gagnasafn 19.07.04, sótt 20.10.07).

Þorsteinn Gunnarsson, háskólarektor sagði að fjarnám væri byggðastefna sem skilaði árangri og að mikilvægi þess kæmi ekki síður fram í því að það þjálfaði upp nýja kynslóð sem kynni að nýta sér upplýsingatækni. „Þið eruð í senn drifkrafturinn og besti vitnisburður um hina öru þróun sem átt hefur sér stað við Háskólann á Akureyri. Þið fyllið nú þann hóp atorkusamra frumherja sem byggt hafa upp Háskólann á Akureyri,“ sagði Þorsteinn þegar hann ávarpaði útskriftarnemana. (Mbl. Gagnasafn 19.07.04, sótt 20.10.07).

Þetta var fyrsta og eina útskriftin sem farið hefur fram á Suðurnesjum, en á hverju ári er haldin háskólahátíð í Kirkjulundi á 17. júní fyrir þá nema sem útskrifast að vori ár hvert.

7.3. Fjarnámið hefur veitt fjölda manns tækifæri

-Viðtal við Hlöðver Sigurðsson

Hlöðver Sigurðsson er einn þeirra sem útskrifaðist sem viðskiptafræðingur árið 2004. Hann ákvað að eftir tæp 25 ár hjá sama atvinnuveitenda væri orðið tímabært að skipta um starfssvettvang. Hann vann á hjólbarðaverkstæði og fannst líkamlega erfiðið í starfinu fara sífellt verr í skrokkinn á sér.

„Eftir að ég útskrifaðist úr MR árið 1975 byrjaði ég í efnafræði í H.Í. Námið varð endasleppt og eftir 2 ár ákvað ég að taka mér frí og endurmeta stöðuna. Það tók mig 25 ár. Ég var búin að velta námi fyrir mér í nokkurn tíma en ýtti þessu sífellt á undan mér. Svo þegar eiginkonan rak augun í auglýsingu frá MSS um að hefja ætti nám í rekstrarfræði tilkynnti hún mér að nú væri lag að ná sér í viðbótarmenntun til að eiga einhverja möguleika á annarri vinnu. Háskólinn á Akureyri ákvað að setja 3ja ára BS nám á 4 ár og ég ákvað að gefa þessu tækifæri, það mætti alltaf endurskoða málin ef þetta gengi ekki upp.“

Hlöðver hélt sínu striki og var í fyrsta útskrifarhópnum 4 árum síðar. Hann segir að nám eins og það sem Miðstöðin er að bjóða upp á sé mjög mikilvægt fyrir Suðurnesin jafnt sem allar byggðir landsins. „Þetta aðgengi að fjarnámi hefur veitt fjölda manns hér tækifæri til framhaldsnáms, sem það hafði varla áður. Fjöldi manns úr atvinnulífinu hefur nýtt sér þetta tækifæri og með aukinni menntun skapast tækifæri til atvinnuuppbyggingar sem leiða til betur launaðra starfa á svæðinu.“ Hlöðver sagðist jafnframt viss um að innan fárra ára verði kominn á svæðið háskóli í líkingu við Háskólann á Akureyri.

Eftir útskrift svipaðist Hlöðver eftir vinnu á Suðurnesjum þar sem hugurinn leitaði í bankakerfið eða endurskoðunarskrifstofu. „Atvinnurekendurnir voru ekki í röðum fyrir utan kirkjuna eftir útskrift þannig að ég varð greinilega að gera eitthvað í málunum sjálfur. Þreyfingar hér báru ekki árangur svo það var jafnvel inn í myndinni að kanna stöðuna á höfuðborgarsvæðinu. Til þess kom þó ekki þar sem haft var samband við mig að fyrri bragði og mér boðið að sjá um rekstur stærsta innflutningsfyrirtækis landsins í hjólbörðum og vörum tengdum hjólbarðaverkstæðum, Ísdekk. Þessu var ekki hægt að hafna, ég gjörþekki þetta umhverfi og sló því til.“

7.4. Nýjasta viðbótin

Nýjasta viðbótin er fjarnám í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands sem hófst haustið 2006. Guðjónína Sæmundsdóttir forstöðumaður MSS var þá formaður Kvasir, samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva og vann að framgangi þess. Að sögn Guðjónínu gerðu

símenntunarmiðstöðvarnar samninga um náms- og starfsráðgjöf á vinnustöðum og því var ljóst að störfum náms og starfsráðgjafa myndi fjölga í kjölfarið. „Við ræddum við Háskóla Íslands um kennslu í þessari grein í fjarnámi en það reyndist ekki mögulegt nema að auka fjármagn kæmi til. Því brugðum við á það ráð að sækja um styrk til að koma náminu af stað.”

2,5 milljóna króna styrkur fékkst frá starfsmenntaráði til verkefnisins. Þrír nemar á Suðurnesjum stunda námið, þar af tveir starfsmenn MSS, þær Guðjónína Sæmundsdóttir og Anna Lóa Ólafsdóttir ráðgjafi. Að sögn Guðjónínu tókst ekki að manna stöðu námsráðgjafa hjá Miðstöðinni og fóru starfsmenn því þessa leið að mennta sig í greininni til þess að geta sinnt náms- og starfsráðgjafabætti Miðstöðvarinnar sem best.

8. Samstarf

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum á í margvíslegu samstarfi við aðila og stofnanir á Suðurnesjum, utan svæðis og út fyrir landssteinana. Af samstarfi við aðra Suðurnesjamenn má nefna gott samstarf við Fjölbautaskóla Suðurnesja frá upphafi og stéttarfélagin á svæðinu og eiga þessir aðilar fulltrúa í stjórn MSS. Samstarfið við þessa aðila er aðallega í formi verkefna, en einnig leigir Miðstöðin húsnæði af samstarfsaðilum.

Þá hefur miðstöðin átt gott samstarf við hina ýmsu fræðslusjóði á landinu, s.s. Starfsafl, Landsmennt, Sjómennt og Ríkismennt og málum hagað þannig að sem einfaldast sé fyrir þá einstaklinga, sem sækja námskeið hjá Miðstöðinni, að sækja í þá styrki sem þeir hafa rétt á. Fyrirtæki geta einnig sótt um styrki í starfsmenntasjóð, eigi þeir rétt á því.

MSS gerðist stofnaðili að Kvasir; samtökum fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni árið 2000. Kvasir gerðist sama ár aðili að „European Association for the Education of Adults”. Kvasir sótti m.a. nám hjá „SUM Sekretariatet” í Danmörku um markvissa uppbyggingu starfsmanna og tók þátt í alþjóðlegu starfi á vegum menntamálaráðuneytisins og norrænu ráðherranefndarinnar um símenntun.

Aðilar að samtökunum eru níu fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni sem gegna mikilvægu hlutverkum hver í sínu samfélagi. Markmið samtakanna eru m.a. að: efla endur- og símenntun á landsbyggðinni; efla og auka háskólanám á landsbyggðinni, efla og auka skilning atvinnulífsins á mikilvægi símenntunar sem auðlindar og fjárfestingu til framtíðar sem getur bætt afkomu einstaklinga, fyrirtækja og samfélagsins í heild, vera vettvangur umræðna um fullorðinsfræðslu og símenntun á Íslandi sem og í norrænu og alþjóðlegu samhengi.


Hver miðstöð hefur sín einkenni í starfseminni en þó má segja að tvennt standi upp úr sem þær eiga sameiginlegt. Annars vegar er það hvatning til þeirra sem stysta skólagöngu hafa til áframhaldandi náms og að bjóða upp á fjölbreytta námsmöguleika fyrir þennan hóp. Símenntunarmiðstöðvarnar bjóða einnig upp á umtalsverðan fjölda tórstundanámskeiða sem allir geta sótt, sér til ánægju eða til að auka þekkingu sína. Hins vegar er það hlutverk miðstöðvanna að bjóða upp á fjarkennslu á háskólastigi í gegnum fjarfundabúnað. Þar gegnir FS-netið lykilhlutverki en það tryggir betri og öruggari gagnaflutning en áður til fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni. Með tilkomu FS-netsins lögðuust aðstæður við fjarnám til muna en framan af voru tæknimálin akkilesarhæll fjarnámsins. Þau vandamál voru eftirleiðis hverfandi.

Um mitt árið 2005 var svo samþykktur samningur um „Menntabré” milli


símenntunarmiðstöðva á landinu, Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands. Stofnanirnar festu kaup á myndfundabréu sem gengur undir nafninu „Menntabréu,” en hún tengir saman staði með FS netinu. Miðstöð brúarinnar er staðsett í Háskóla Íslands og hefur brúin reynst mjög vel, auk þess að vera ódýr í rekstri.

9. Þróunin í 10 ár


9.1. Fjöldi námskeiða eftir árum



9.2. Heildarfjöldi þátttakenda eftir árum



9.3. Heildarfjöldi nemendastunda eftir árum



10. Starfsfólk frá upphafi

10.1. Framkvæmdastjórar:

Kjartan Már Kjartansson, tónlistarkennari (nú MBA)

Skúli Thoroddsen, lögfræðingur

Guðjónína Sæmundsdóttir, ferðamálafræðingur

10.2. Annað starfsfólk:

Sigríður Bílddal

Guðbjörg Glóð Logadóttir

Arnheiður Gunnlaugsdóttir

Sólveig Sæmundsdóttir

Guðný Guðmundsdóttir

Lilja Samúelsdóttir

Anna Lóa Ólafsdóttir

Birna Vilborg Jakobsdóttirs

Vilborg Norðdahl

Ingibjörg Þ. Ólafsdóttir

10. Heimildir

Skipulagsskrá fyrir Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.

Heimasíða MSS, www.mss.is

Fundargerðir MSS frá upphafi til dagsins í dag

Ársreikningar MSS frá 1998-2007 (þar með talið árskýrslur stjórnar)

Óbirt framtíðarsýn Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum

Gagnasafn Morgunblaðsins, www.mbl.is/gagnasafn, fréttir og greinar um MSS frá stofnun til dagsins í dag

Vefur Víkurfretta, www.vf.is, fréttir og greinar um MSS frá stofnun til dagsins í dag.

Viðtöl við stofnaðila, framkvæmdastjóra, nemendur og aðila vinnumarkaðarins og stéttarféлага